

Pegasus ehf
Sóltúni 24
105 Reykjavík

Reykjavík, 28. ágúst 2020
UST202008-076/H.H.
09.08.02

Efni: Umsókn - Akstur utan vega - Kleifarvatn

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Pegasus ehf, dagsett 11. og 18. ágúst 2020, um leyfi fyrir akstri utan vega innan Reykjanesfólkvangs og við Sólheimajökul.

Reykjanesfólkvangur er friðlýstur sem fólkvangur sbr. auglýsing nr. 520/1975. Jarðrask á svæðinu er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er óheimilt að aka vélknúnum ökutækjum utan vega. Umhverfisstofnun er heimilt, ef nauðsyn krefur, að veita leyfi til þess að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna kvikmyndagerðar, ef ekki er unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt, sbr. 3. ml. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd.

Lýsing verkefnis:

Óskað er eftir leyfi til að aka utan vegar innan Reykjanesfólkvangs við Kleifarvatn og við Sólheimajökul.

Við Kleifarvatn þarf að aka í fjörunni bæði til að koma bát að vatninu sem og búnaði og öryggistækjum. Notast verður við bát ásamt jetskíði á vatninu. Stefnt er að því að 4 -5 bílar keyri í fjörunni. Basecamp yrði staðsett að hluta til við norðurenda vatnsins, þar væru rútur ásamt um 20 bílum. Einnig þyrfti að leggja bílum í indjána fjöru. Stefnt er á að tókur hefjist 22. september 2020.

Við Sólheimajökul er óskað eftir leyfi til að aka utan vegar frá gamla bílastæðinu að suðurenda lónsins um 180 metra leið. Stefnt er að því að tókur hefjist 5. september. Notast verður við stór og þung vinnutæki til að flytja búnað á svæðið. Ef hægt er verður notast við hjólabát til koma búnaði frá bílastæði að lóninu til að takmarka akstur bíla. Á lóninu sjálfu verður notast við flotbryggju ásamt 2 jetskíðum.

Á öllum svæðum verður hrífað, kústað og öll hjólför hreinsuð burt. Auk þess verður slóðadregið yfir ef þess þarf í lokin.

Áhrifamat:

Reykjanesfólkvangur:

Umhverfisstofnun telur að aksturinn muni hafa neikvæð áhrif á svæðið en þar sem stefnt er að því að afmá för eru áhrifin afturkræf og tímabundin. Svæðið er mjög eftirsótt til útiveru og mun verkefnið hafa í för með sér tímabundna truflun fyrir gesti.

Sólheimajökullslón:

Umhverfisstofnun telur að framkvæmdin muni hafa tímabundin neikvæð áhrif á náttúrufar svæðisins. Sótt er um leyfi til að keyra stór og þung vinnutæki sem eiga að bera flotbryggju að lóninu. Umhverfisstofnun bendir á að svæði fyrir framan hörfandi jökla eru mjög dínamísk og fljót að taka breytingum. Svæðið sem um ræðir er rétt fyrir framan jökul er mjög líklegt að ís sé undir sandinum og grjótinu og jarðvegurinn getur þá fljótt gefið undan stjórum þungum tækjum og í framhaldi breyst í aursvað.

Umhverfisstofnun telur að ólíklegt sé að hryggir eða landformum er tengjast fornum staðsetningum eða hreyfingum jökulsins skaðist við aksturinn. Gestir svæðisins gætu orðið fyrir tímabundinni truflun á meðan verkefni stendur yfir.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Pegasus ehf, fyrir sitt leyti leyfi fyrir akstri utan vegar innan Reykjanesfólkvangs dagana 22. – 6. október 2020 og við Sólheimajökul dagana 5. – 9. september 2020 sbr. lýsingu hér að ofan að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Þar sem þörf er á að fara út fyrir göngustíga/vega skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga/vega að verkefni loknu.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Koma skal fyrir merkingum á tókustað um að leyfi fyrir verkefninu hafi fengist hjá Umhverfisstofnun.
- Til að koma í veg fyrir að kvikmyndin/auglýsingin hvetji til utan vega aksturs þá er óheimilt að sýna ökutæki aka utan vegar.
- Einungis skal aka innan skilgreinds framkvæmdarsvæðis. **Afmá skal öll hjólför utan vega að framkvæmdum loknum og einnig ef hlé verður á tökum sem varir lengur en einn dag.**
- Kvikmyndatökuliðið skal sýna öðrum gestum svæðisins tillitssemi og tryggja að tókurnar valdi eins litlu ónæði og hægt er.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.

- **Halda skal ökuferðum utan vega í lágmarki.**

Reykjanesfólkvangur

- Takmarka skal fjölda bíla við fjöruna við Indjána (1 jeppi, 2 pickup og 4-5 minni bílar)
- Við grunnbúðir skal einnig takmarka fjölda bíla eins og hægt er. (1 trukkur, 2 rútur, 1 eldhús, 20 bílar, prammi/bátar og jetskíði)
- Þar sem er gróður skal afmá för með hrífu, sé ekki gróður á svæðinu er heimilt að slóðadraga.

Sólheimajökull:

Umhverfisstofnun bendir á að skoða jarðveginn vel við lónið, ís felur sig undir urð, grjóti og sand við jökla og getur stafað mikil hætta ef jarðvegurinn er blautur og gefur undan. Til eru dæmi um farartæki og jafnvel fólk sem lendir í miklum háska í aurbleytu við jökla. Einnig skal gæta þess að ekki sé keyrt á landformunum í forgrunni jökulsins.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Umhverfisstofnun bendir á að dróna sem notaðir eru í atvinnuskyni þarf að skrá sérstaklega hjá Samgöngustofu.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Umhverfisstofnun bendir á að hafa samband við Stangveiðifélag Hafnarfjarðar vegna verkefnisins við Kleifarvatn.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um akstur utan vega er kr. 39.400- sbr. 24. gr. a. í gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015. Vinna við afgreiðslu umsóknarinnar varð umfangsmeiri en gert er ráð fyrir í grunngjaldi. Í gjaldskrá er gert ráð fyrir að vinna við afgreiðslu umsóknar um leyfi til aksturs utan vega sé 3 klukkustundir. Vinna við afgreiðslu umsóknarinnar mun vera samtals 6 tímar. Stofnunin áformar að gefa út reikning fyrir þessa umframvinnu, þ.e. fyrir 3 klukkustundir á 13.200 hver klukkustund. Umhverfisstofnun áformar því, á grundvelli 3. mgr. 24. gr. b. gjaldskrár Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, að innheimta samtals **79.000 kr.** fyrir vinnu við afgreiðslu leyfisins.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst

Elín Bj. Ragnarsd.

Elín Björg Ragnarsdóttir
sviðsstjóri

René Biasone

René Biasone
sérfræðingur